



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 2. maí 2005
Tilvísun: UST20050400046/sf

Ruðningur á birkiskógi vegna frístundabyggðar í Hrífunesi, Skaftárhreppi. Matsskylda.

Vísað er til bréf Skipulagsstofnunar, dags. 4. apríl sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Þéttur birkiskógr einkennir stóran hluta þess svæðis þar sem fyrirhugað er að reisa frístundahús. Framkvæmdir vegna frístundahúsabyggðarinnar munu því hafa í för með sér ruðning á náttúrulegum birkiskógi. Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er áætlað að byggja allt að 77 ný frístundahús á deiliskipulagssvæðinu og má hvert hús vera að hámarki 180 m^2 , en þó líklegt að meðalflatarmál frístundahúsa verði í kringum 90 m^2 auk 30 m^2 verandar. Því verði að gera ráð fyrir að heildarflatarmál vegna byggingu húsa verði í kringum 9500 m^2 . Einnig er í tilkynningunni bent á að þar sem kjarr er ekki alls staðar á svæðinu og líklegt að staðsetning húsa innan byggingarreits sé valin út frá því hversu miklu þarf að ryðja megi gera ráð fyrir að heildarruðningur á skógi sé minni en heildarflatarmál frístundahúss og verandar. Áætlað er að um 30.000 m^2 (3 ha) fari undir veki og bílastæði, 3000 m^2 undir göngustíga að húsum og um 4000 m^2 undir stíga sem tengja saman hverfin og leiksvæðin. Leiksvæðin eru þrjú, samtals um 30.000 m^2 (3 ha). Samtals er því gert ráð fyrir að um 7,7 ha lands muni raskast vegna framkvæmda.

Umhverfisstofnun telur að við mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum framkvæmdanna verði að miða við það hámarks rask sem framkvæmdir geta valdið og þar með leyfilega stærð frístundahúsa, óháð því hvort líklegt sé að flatarmál húsa verði að meðaltali minna en leyfileg hámarksstærð þeirra. Heildarflatarmál þess svæðis sem verður fyrir beinum áhrifum af framkvæmdum getur því orðið um 8,3 ha.

Umsögn

Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifí eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál i því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Umhverfisstofnun hefur nú þegar veitt umsögn um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hrífuness, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 7. október og 8. desember 2004. Við umfjöllun stofnunarinnar um deiliskipulagið leitaði hún umsagnar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Í umsögn Skógræktar ríkisins, dags. 11. nóvember 2004, kemur m.a. fram að skógurinn í Hrífunesi hefur sérstöðu meðal íslenskra skóga vegna þess hve þéttur hann er og einnig að skógurinn gegni veigamiklu hlutverki við jarðvegsvernd svæðisins sem verði að teljast með rofgjarnari svæðum á Íslandi. Skógrækt ríkisins telur þó ekki ástæðu til að hafna fyrsta áfanga deiliskipulagsins eins og hann er kynntur í tillögunni, þar sem frístundabyggðin snerti tiltölulega lítið og afmarkað svæði skógarins. Landgræðsla ríkisins gerir í umsögn sinni, dags. 29. nóvember 2004, ekki athugasemdir við deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hrífuness en bendir á að halda skuli jarðraski í lágmarki og loka gróðursárum eins fljótt og unnt er.

Það var mat Umhverfisstofnunar að með hliðsjón af umsögnum Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins væri ekki ástæða til að gera athugasemdir við 1. áfanga fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Hrífuness skv. fyrilliggjandi tillögu að deiliskipulagi, svo fremi að jarðraski yrði haldið í lágmarki. Jafnframt ætti að geta þess að uppbygging á svæðinu hefði ekki óæskilegt áhrif á vatnsrennsli í Hrafnhólsmýri. Þá ætti að nýta birki af svæðinu við uppgræðslu til að tryggja viðhald birkiskógarins, enda vandséð að gróðursetningar plantna væri þörf í þéttum birkiskógi.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að í deiliskipulagi séu settar kvaðir um að lóðarhafar skuli ekki gróðursetja hávaxnar tegundir sem vaxa upp fyrir birkiskógin og að birki sem gróðursett er í hugsanleg sár skuli vera af sama toga og það birki sem fyrir er. Í 14. gr. byggingarskilmála fyrir frístundahúsabyggðina, sbr. deiliskipulagsupprátt sem fylgdi tilkynningu um framkvæmdina, koma fram ákvæði um ruðning á birkiskógi og gróðursetningu en þar segir:


„Ekki er heimilt að ryðja núverandi birkiskógi nema þar sem vegur og stígar koma og því sem nemur grunnfleti húss og verandar. Óheimilt er að gróðursetja aspir, barrtré eða annan framandi gróður sem breyta mun heildarblæ landsins. Heimilt er að gróðursetja birki til uppgræðslu en skv. umsögn Umhverfisstofnunar ætti aðeins að nýta birki af svæðinu.“ Þar með hefur verið tekið tillit til fyrrgreindra athugasemda Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framangreindum ákvæðum í byggingarskilmálum verði fylgt eftir.


Niðurstaða

Með hliðsjón af fyrliggjandi umsögnum Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins og ákvæðum 14. gr. í byggingarskilmálum fyrir fristundabyggðina, þar sem settar eru takmarkanir á ruðning birkiskógar og gróðursetningu trjátegunda, telur Umhverfisstofnun að ruðningur á birkiskógi vegna fyrirhugaðrar fristundabyggðar í landi Hrifunes muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó rétt að ítreka nauðsyn þess að endanleg staðsetning húsa innan byggingarreita sem og annarra mannvirkja verði valin þannig að rask á birkiskógi verði eins lítið og nokkur kostur er og að fyrrgreindum ákvæðum í 14. gr. byggingarskilmála verði framfylgt.

Virðingarfyllst,



Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri



Stefán Einarsson
staðgengill forstöðumanns